

**Nr. 133 / 11 Gullhólmi SH 201*****Skipverji slasast í munni***

Skipask . nr. 0264 IMO . nr. 6410221  
Smíðaður: Noregi 1964, stál  
Stærð: 331,1 brl. 471,2 bt.  
Mesta lengd: 49 m Skráð lengd: 44,4 m  
Breidd: 7,5 m Dýpt: 6,26 m  
Vél: Caterpillar 1038 kW, 1986  
Fjöldi skipverja: 14



Gullhólmi©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. október 2011 var Gullhólmi SH 201 á línuveiðum á Kolkugrunni. Veður: NA 10-12 m/sek.

Skipverji var að taka færi upp á bátapalli og hafði sett það í stýrihringinn en þegar hann kippti því inn fyrir slóst endinn á því í munn hans með þeim afleiðingum að tönn brotnaði.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.